

STJÓRNARFUNDUR SSNV HALDINN Á SVEITASETRINU GAUKSMÝRI, HÚNAÞINGI VESTRA FÖSTUDAGINN 19. APRÍL 2013 KL 10:00

Föstudaginn 19. Apríl 2013 kom stjórn SSNV saman til fundar í Sveitasetrinu á Gauksmýri, í Húnaþingi vestra.

Mætt voru. Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Hanna Þrúður Þórðardóttir Leó Örn Þorleifsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Katrín María Andrésdóttir og Stefán Haraldsson starfsmenn SSNV atvinnuþróunar sátu einnig fundinn undir liðum 1-5.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Lögð fram til kynningar.
2. **IPA – styrkir - Kynning á verkefnum sem SSNV er þáttakandi í og hlotið hafa stuðning.**
Katrín María Andrésdóttir og Stefán Haraldsson fóru yfir tvö verkefni sem hlotið hafa IPA stuðning. Verkefnin eru Ungt fólk allstaðar þar sem SSNV er aðalumsækjandi í samstarfi við Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra, Vinnuálastofun og Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Hitt verkefnið nefnist Vatnavinir sem snýr að þróun áfangastaða í ferðaþjónustu sem byggja á náttúrulegum baðlaugum. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða er aðalumsækjandi. SSNV er meðumsækjandi ásamt Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og 11 öðrum samstafsaðilum á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og Vesturlandi. Formleg ákvörðun um stuðning verkefnin verður ekki tekin fyrr en að undangengnum samningaviðræðum við framkvæmdastjórn ESB en gert er ráð fyrir að þær viðræður fari fram í maí mánuði.
3. **Vaxtarsamningur**
 - a. **Yfirlit um styrkveitingar vegna umsókna 1. mars 2013.** Lagt fram til kynningar. Yfirlit yfir verkefnin er aðgengileg á www.ssnv.is
 - b. **Starfsskýrsla Vaxtarsamnings fyrir árið 2012.** Lögð fram til kynningar. Skýrslan hefur verið send Byggingastofnun og Atvinnu og nýsköpunarráðuneytisins til staðfestingar.
 - c. **Ársreikningur 2012 til undirritunar.** Fyrir fundinum lá ársreikningur Vaxtarsamnings vegna ársins 2012. Framlag ríkisins nam 30 milljónum. Rekstrarhagnaður nam 10,8 milljónum. Ógreiddir styrkir námu 13,8 milljónum. Stjórn staðfesti ársreikninginn og undirritaði hann.
 - d. **Viðaukasamningur um átaksverkefni.** Að tillögu Atvinnu og nýsköpunarráðuneytisins lá fyrir fundinum viðaukasamningur við Vaxtarsamning. Samkvæmt viðaukasamningnum er SSNV heimilt að ráðstafa að hámarki 10% af árlegu framlagi vtil átaksverkefnis sem snýr að; a) uppbyggingu og eflingu klasasamstarfs og fræðslu á vþí sviði; b) mótun á áherslum fyrir þróunaráætlun næsta samningstímabils; c) árangursmati fyrir yfirstandandi samningstímabil. Stjórn SSNV staðfestir viðaukasamninginn og felur framkvæmdastjóra undirritun.
4. **Sóknaráætlun**
 - a. **Samningur milli SSNV og Stýrinets ráðuneyta.** Samningurinn var undirritaður af formanni þann 22. mars s.l lagður fram til kynningar en stjórnarmenn höfðu áður staðfest samninginn í tölvupósti.
 - b. **Fundargerð stýrinets ráðuneyta dags.8. mars 2013.** Lögð fram til kynningar.
 - c. **Verkefnasamningar** – lögð fram drög að samningum við framkvæmdaaðila þeirra fimm verkefna af sex sem fjármagn hljóta úr sóknaráætlun Norðurlands vestra fyrir árið 2013. SSNV er framkvæmdaaðili eins verkefnisins. Stjórn staðfestir drögin fyrir sitt leiti og felur framkvæmdastjóra að eiga fundi með framkvæmdaraðilum og ganga frá samningnum í framhaldinu.

5. Samningur SSNV og Bygðastofnunar um atvinnu og byggðarþróun á Norðurlandi vestra. Samningurinn er endurnýjun á samningi SSNV og Bygðastofnunar sem rann út s.l. áramót. Markmið samningsins eru;

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðarþróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félags m.a í samræmi við Sóknaráætlun Norðurlands vestra.
- Uppbygging og gangkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðarþróunar milli samningsaðila.

Gildistími samningsins er frá 1. Janúar 2013-31. desember 2017 og er hann uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara. Bygðastofnun leggur til fjármagn til félagsins af fjárlagaliðnum Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni og skal skipting þess fjármagns taka mið af reiknilíknai sem stjórn Bygðastofnunar samþykkti þann 25. Janúar 2013. Framlagið breytist í samræmi við fjárveitingar Alþingis hverju sinni og jafnframt mun framlagið breytast sjálfkrafa ef vinnusóknarsvæði færast milli starfssvæða atvinnuþróunarfélaga. Framlag til SSNV atvinnuþróunar árið 2013 nemur 19,2 milljónum króna.

Samningurinn var undirritaður af framkvæmdastjóra á ársfundi Bygðastofnunar þann 5. apríl s.l. Stjórn hafði áður staðfest samninginn í tölvupósti.

6. Almenningsamgöngur

- a. Minnisblað Strætó bs um áætlaðan farþegafjölda á Vestur og Norðurlandi dags. 27. Mars 2013.** Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir talningum á innstigum farþega á leið 57 (RVK- Akureyri). Niðurstöðurnar bendi til þess að farþegafjöldi leiðarinnar sé verulega umfram áætlanir.

7. Bréf

- a. Forsætisráðuneytisins dags 26. Febrúar 2013.** Í bréfinu er kynnt afgreiðsla forsætisráðuneytisins á umleitunum stjórnar SSNV við forsætisráðherra og ríkisstjórn um sértækar aðgerðir á Norðurlandi vestra vegna erfiðrar byggðarlegrar stöðu landshlutans. Í bréfinu er kynnt að tillögur stjórnar SSNV verði senda Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytinu, Velferðarráðuneytinu, Innanríkisráðuneytinu og Umhverfis og auðlindaráðuneytinu til þóknarlegrar meðferðar eins og fram kemur í bréfinu. *Stjórn SSNV lýsir miklum vonbrigðum með afgreiðslu forsætisráðuneytisins á hófstílltum tillögum SSNV um verkefni sem styrkja myndu stöðu landshlutans. Stjórnin væntir þess jafnframt að ný ríkisstjórn hafi betri skilning á erfiðri stöðu landshlutans og sé reiðubúin til þess að grípa til raunhæfra aðgerða sem unnið geti gegn langvarandi erfiðri byggðarlega stöðu Norðurlands vestra. Framkvæmdastjóra falið að senda bréf til ofangreindra ráðuneyta og spyrjast fyrir um stöðu einstakra verkefna sem vísað var til þeirra.*
- b. Atvinnu og nýsköpunarráðuneytisins dags 20. febrúar 2013.** Í bréfinu tilkynnt að ráðuneytið hefur ákveðið að styrkja SSNV atvinnuþróun um 1,5 milljónir vegna verkefnisins Ungt fólk allstaðar. *Stjórnin lýsir ánægju með afgreiðslu ráðuneytisins og þakkar stuðninginn.*
- c. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags 4. Apríl 2013.** Í bréfinu eru kynnt yfirlit yfir bundin framlög og framlög vegna sértakra verkefna til landshlutasamtakana árið 2012. Lagt fram til kynningar.

8. Erindi Þekkingarseturs á Blönduósi. Í erindinu er óskað fjárstuðnings við framkvæmd þarfagreiningar menntunarmeðal íbúa á Norðurlandi vestra Greina á þörf á námsleiðum fyrir fullorðið fólk á svæðinu. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Félagsvísindastofnun HÍ. *Stjórn SSNV samþykkir að styðja við verkefnið uppá 100 þúsund krónur enda geti niðurstöður nýst við stefnumótun í menntamálum á svæðinu vegna sóknaráætlunar.*

9. **Starfsmannamál.** Framkvæmdastjóri kynnti að Baldur Valgeirsson atvinnuráðgjafi mun láta af störfum að eigin ósk frá og með 1. maí 2013. Stjórn þakkar Baldri vel unnin störf á liðnum árum og óskar honum velfarnaðar.

10. **Fundargerðir**

- a. **Stjórnar SASS dags 8. Mars 2013:** Lögð fram til kynningar.
- b. **Stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða dags 4. Apríl 2013.** Lögð fram til kynningar.

11. **Önnur mál.**

a. **Nýting orku Blöndu til atvinnuuppbyggingar á Norðurlandi vestra.**

Vegna ummæla forstjóra Landsvirkjunar í Síðdegisútlarpi Rásar 2 þann 11. Apríl s.l um orkuþörf iðnaðaruppbyggingar í Þingeyjasýslu yrði helst aflað með flutningi raforku inná svæðið t.d frá Blöndu vill stjórn SSNV leggja þunga áherslu á og útreka fyrri samþykktir í þá verðu að orka Blönduvirkjunar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á Norðurlandi vestra. Stjórnin skorar á þingmenn NV kjördæmis að beita sér fyrir að stjórnvöld gefi yfirlýsingu um að orka Blönduvirkjunar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Stjórnin útrekar mikilvægi þess að settur verði á fót starfshópur stjórnvalda og heimamanna sem hafi það að hlutverki að finna heppilegan iðnaðarkost sem nýta muni orku Blönduvirkjunar til langþráðar atvinnuuppbyggingar á Norðurlandi vestra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:00 Jón Óskar Pétursson fundarritari